

Mánudaginn 1. desember 1980.

Nr. 104/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gústaf Grönvold

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Benedikt Sigurjónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, sem greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

Dráttur sá, sem varð á uppsögu héraðsdóms, hefur ekki verið nægilega réttlættur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gústaf Grönvold, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 30. desember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 19. desember 1977, höfðað gegn Gústaf Grönvold leigubifreiðarstjóra, Eyrargötu 6, Ísafirði, „fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 13. nóvember 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Ö 2388 frá heimili sínu, þar til bifreið ákærða hafnaði utan vegar og festist í snjóruðningi hjá Seljalandsvegi við Græna-
garð.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði, sem er fæddur 21. desember 1944 í Reykjavík, telst sakhæfur og hefur samkvæmt sakavottorði sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1965 9/11 í Reykjavík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 5. gr. umferðarlaga.
- 1966 4/8 í Reykjavík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 4. og 5. gr. umferðarlaga.
- 1969 25/5 í Kópavogi. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 51. gr. umferðarlaga.
- 1969 29/10 í Kópavogi. Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á reglum um stöðumæla.

Málavextir verða hér raktir samkvæmt skýrslum lögreglunnar á Ísafirði, framburðum vitna og ákærða sjálfs.

Sunnudaginn 13. nóvember, kl. 0310, var hringt á lögregluvarðstofuna á Ísafirði. Sá, sem hringdi, kvaðst heita Gústaf Grönvold, og bað hann um að verða sóttur af lögreglunni að Græna-
garði I, Ísafirði, þar eð hann hefði verið að aka bifreið sinni út af undir áhrifum áfengis. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu þar fyrir Gústaf Grönvold, ákærða í máli þessu, og fóru með hann á lög-
reglustöðina á Ísafirði. Er þangað kom, neitaði ákærði að svara spurningum lögreglunnar.

Vitnið Kristinn Friðbjörn Ásgeirsson lögregluvarðstjóri kom hér fyrir dóminn hinn 17. nóv. 1977. Kristinn kvað Gústaf Grönvold hafa hringt á lögreglustöðina og óskað eftir því að verða sóttur að Græna-
garði. Þegar honum hafi verið tjáð, að lögreglan gæti ekki sinnt því vegna anna, hafi hann sagt, að þeir yrðu að

koma strax, því hann hefði álpast ölvaður af stað á bifreið sinni, og hann vildi gera hreint fyrir sínum dyrum, þó að það kostaði hann ökuskirteinið. Er Gústaf síðar kom á lögreglustöðina í fylgd lögreglunnar, hafi hann neitað að svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar. Læknir hafi komið á lögreglustöðina og tekið blóð úr ákærða til alkóhólákvörðunar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Torfi Einarsson lögregluþjónn kom hér fyrir dóminn hinn 15. nóv. 1977. Kvað Torfi, að hann hefði verið ökumaður á bifreið lögreglunnar, Í 2259, aðfaranótt 13. nóv. 1977, bifreiðin væri af gerðinni Ford Cortina, tveggja dyra. Um kl. 3 hafi Kristinn Ásgeirsson varðstjóri kallað upp bifreiðina og tilkynnt, að Gústaf Grönvold hefði verið að láta vita af því, að hann hefði verið að aka bifreið sinni ölvaður út í snjóruðning við Grænagarð. Er þeir lögreglumenn komu að Grænagarði I, hafi ákærði staðið fyrir utan húsið, hann hafi verið léttklæddur, jakkalaus. Ákærði hafi verið tómhentur og útilokað, að hann hefði getað haft vín meðferðis. Gústaf hafi sest aftur í við hlið Magnúsar Þórðarsonar lögregluþjóns. Á leiðinni á lögreglustöðina hafi ákærði spurt, hvort þeir (þ. e. lögregluþjónarnir) tækju af honum prófið. Honum hafi verið svarað því til, að þeir væru engir dómáramar. Ákærði hafi þá spurt, hvort tekið yrði úr honum blóð, og hafi honum verið svarað, að það kæmi í ljós, er á lögreglustöð kæmi. Ákærði hafi þá sagt, að hann hefði þarna gert vitleysu að vera að þvælast svona á bílnum. Vitnið kvaðst hafa fylgt ákærða á lögregluvarðstofu og rætt við hann, áður en reynt var að taka af honum skýrslu. Ákærði hafi þá sagt, að það væri mikið mál fyrir sig að missa ökuréttindi, þar sem hann væri atvinnubifreiðarstjóri, og mundi hann því reyna eins og hann gæti til að halda réttindum sínum. Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Kristján Rafn Guðmundsson lögregluþjónn kom hér fyrir dóminn hinn 14. nóv. 1977. Kristján lýsti aðdraganda að för lögreglunnar að Grænagarði í umrætt sinn á sama veg og vitnið Torfi Einarsson. Ákærði hafi verið léttklæddur, er hann settist inn í lögreglubifreiðina, og útilokað hafi verið, að ákærði hefði haft meðferðis áfengi né getað neytt þess í lögreglubifreiðinni. Vitnið kveðst hafa rætt við ákærða allan tímann, sem hann var í lögreglubifreiðinni. Ákærði hafi spurt, hvort þeir, þ. e. lögreglumennirnir, tækju af honum prófið, og kveðst vitnið hafa svarað honum því til, að þeir væru ekki dómáramar. Þá hafi ákærði

spurt, hvort tekið yrði úr honum blóð, og hafi hann fengið það svar, að það kæmi í ljós, er á varðstofu kæmi. Ákærði hafi þá sagt, að þarna hefði hann gert stóran feil að fara á bifreið sinni í þessu ástandi. Þetta hafi hann margendurtekið á leiðinni á lög-reglustöðina. Ákærði hafi virst rólegur á leiðinni.

Vitnið vann drengskaparheit að framburði sínum.

Vitnið Magnús Friðrik Þórðarson lögregluþjónn kom hér fyrir dóminn hinn 15. nóv. 1977.

Magnús lýsti aðdraganda þess, að farið var inn að Grænagarði í umrætt sinn, á sama veg og vitnin Torfi Einarsson og Kristján Rafn Guðmundsson.

Vitnið kvað útilokað, að ákærði hefði getað neytt áfengis í lög-reglubifreiðinni. Ákærði hafi setið við hlið sér í bifreiðinni, og kvaðst vitnið ekki hafa haft af honum augun allan tímann. Vitnið greindi frá orðaskiptum þeirra lögreglumanna og ákærða á sama veg og áðurnefnd vitni.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Guðdís Sæunn Guðmundsdóttir kom fyrir dóminn hinn 13. nóv. 1977. Vitnið kvaðst hafa verið sofandi þá um nóttina, er ákærði, Gústaf Grönvold, barði að dyrum, og hafi honum verið hleypt inn. Gústaf hafi verið mjög æstur, en vitninu hafi skilist, að hann hefði verið að aka bifreið sinni út af. Ákærði hafi fengið að hringja í lögregluna, og kveðst vitnið hafa heyrt ákærða segja í símann, að hann hefði verið að aka út af við Grænagarð. Vitnið kvað ákærða hafa verið tómhentan, er hann kom inn, og farið úr jakka sínum inni. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Júlíana Pálsdóttir, sambýliskona ákærða, kom fyrir dóminn hinn sama dag og kveðst hafa skilið við bifreiðina Ö 2385 við heimili sitt kvöldið áður. Vitnið kvað sig og ákærða vera þá einu, er hefðu lykla að bifreiðinni.

Ákærði kom einnig fyrir dóminn hinn 13. nóv. 1977. Hann kveðst hafa verið að drekka áfengi kvöldið áður og um nóttina. Ekki vildi hann svara því, hvað mikið áfengi hann hefði drukkið. Ákærði kvaðst ekki hafa ekið bifreið, eftir að hann byrjaði að drekka áfengi daginn áður. Ákærði neitaði að hafa hringt til lögreglunnar. Þegar hann var spurður, hvernig hann hefði komist inn að Grænagarði, svaraði hann: „Það man ég ekkert.“ Síðan, er ákærði var spurður sömu spurningar, þá svaraði hann því til, að hann hefði komist þangað inn eftir í einhverjum bíl, ekki mundi hann hvernig bifreið né hver ók henni. Ákærði kvaðst

hafa farið úr bifreiðinni við Grænagarð, en hann neitaði að svara spurningu þess efnis, hvort hann ætlaði að hitta einhvern þar.

Er ákærði var spurður, hvenær hann hefði hætt drykkju, kvaðst hann hafa hætt, eftir að á lögreglustöð kom. Aðspurður um nánari tímasetningu, hvort hann hefði drukkið vín, eftir að lögreglan hafði afskipti af honum, kvaðst ákærði eftir okkurt hik hafa drukkið hálfu flösku af víni úr fleyg, sem hann hefði haldið á í lögreglubifreiðinni, en ekki vissi hann, hvað um fleyginn varð.

Ákærði kom aftur fyrir dóminn 10. janúar 1978, og vísaði hann þar til fyrri framburðar síns aðspurður um það, hvort hann hefði verið að aka bifreiðinni Ö 2388 hinn 13. nóv. 1977.

Í skýrslu lögreglunnar í umrætt sinn um útlit ákærða er sagt, að talsverður áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit þrútið, fatnaður snyrtilegur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi stöðugt og málfar skýrt.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða kl. 0351 hinn 13. nóv. 1977, fannst við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 2.02% af alkóhóli.

Skipaður verjandi ákærða, Jón E. Ragnarsson, lagði fram vörn í málinu, þar sem hann krafðist sýknu af öllum sakaratriðum og til vara mildustu refsingar. Sýknukrafan er studd þeim rökum, að ekki sé komin fram lögfull sönnun á sekt ákærða. Yfirlýsingar hans við vitni hafi aðeins verið sjálfsásökun, fram sett í ölvunarvímu. Ákærði hafi, er af honum bráði, staðfastlega neitað að hafa ekið bifreiðinni í umrætt sinn.

Álit dómsins.

Í framburði vitna máls þessa kemur glöggt fram, að ákærði hafi borið við þau, að hann hafi undir áhrifum áfengis ekið bifreið sinni, Ö 2388, út af Seljalandsvegi við Grænagarð, Ísafirði, aðfaranótt hins 13. nóv. 1977. Framburður hans þá er greinargóður og skýringar á atferli hans trúverðugar. Þegar ákærði er á leið á lögregluvarðstofu, fer hann að velta fyrir sér afleiðingum undanfarandi atburða. En það er ekki fyrr en á lögreglustöð er komið, að ákærði sér, að það hafi verið frumhlaup hjá honum að kalla á lögreglu. Má hér benda á orðaskipti ákærða við vitnið Torfa Einarsson, þar sem ákærða verður fullkomlega ljóst, að atferli hans mun leiða til ökuleyfissviptingar og atvinnu-missis. Eftir það neitar ákærði staðfastlega öllum sakargiftum

og einnig að hafa áður borið að hafa ekið bifreiðinni Ö 2388 út af þá skömmu áður og tilkynnt um það til lögreglu. Eigi getur ákærði eftir það gert grein fyrir því, með hverjum hann komst að Grænagarði, og er reyndar tvísaga um það atriði.

Samkvæmt framburði vitna, er öll hafa unnið eið eða drengskaparheit að framburði sínum, og framanröktu verður að telja, að eigi verði vefengt með skynsamlegum rökum, að nægileg sönnun sé fram komin um, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem lýst er í ákæruskjali. Varðar það við refsíákvæði þau, er þar greinir. Refsingu ákærða ber að ákveða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög 54/1976, svo og samkv. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög 52/1978, og 2. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 50.000 kr. sekt til ríkissjóðs, og sæti ákærði varðhaldi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarsonar hæstaréttarlögmans, kr. 40.000.

Dóm þennan kvað upp Guðmundur Sigurjónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði. Skylt er að geta þess, að uppsaga dóms í máli þessu hefur dregist úr hömlu, en eftir að vörn barst í málinu hinn 15. ágúst, hafa orðið tafir vegna sumarleyfa og embættisanna dómara, eftir að því lauk.

Dómsorð:

Ákærði, Gústaf Grönvold, greiði kr. 50.000 í sekt til ríkissjóðs, en sæti ella varðhaldi í 10 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarsonar, kr. 40.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.